



## UMSÓKN UM

### SAMGÖNGUVIÐURKENNINGU REYKJAVÍKURBORGAR 2015

Leitað er eftir umsóknum frá fyrirtækjum, félagasamtökum og stofnunum sem stigið hafa mikilvæg skref í starfsemi sinni í átt til vistvænni og virkari samgöngumáta. Dómnefndin byggir val sitt á árangri og aðgerðum sem fyrirtæki eða stofnanir hafa gripið til í þeim tilgangi að draga úr umferð á sínum vegum og einfalda starfsfólki að nýta sér aðra samgöngumáta en einkabílinn. Sniðmótið er til að einfalda umsóknaraðilum gerð umsóknarinnar og auðvelda dómnefnd áreiðanlegan og réttmætan samanburð.

Umsóknir berist Reykjavíkurborg í síðasta lagi 7. september næstkomandi, merktar „Samgönguviðurkenning“. Þær sendist á netfangið [graenskref@reykjavik.is](mailto:graenskref@reykjavik.is) eða á póstfangið Borgartún 12-14, 105 Reykjavík.

#### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Heiti fyrirtækis / stofnunar / félagasamtaka: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR)



Heimilisfang: Stuðlaháls 2

Kennitala: 410169-4369

Stöðugildi í lok árs 2014: 282

Nafn og netfang tengiliðar: Sigurpáll Ingibergsson [sigurpall@vinbudin.is](mailto:sigurpall@vinbudin.is)

#### GÁTLISTI:

##### Lýsið hvernig ferðavenjum starfsfólks er almennt háttað.

Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar.

Þjónusta gengur því út á það að uppfylla væntingar viðskiptavina og samfélagsábyrgð stefnir að því að uppfylla væntingar starfsmanna. Samgöngustefna og stuðningur fyrirtækisins við starfsfólk hjálpar til við að stunda sjálfbærari og vistvænni ferðamáta sem er því mikilvægt skref til að ná markmiðum.

Síðustu tvö ár hefur ÁTVR uppskorið hæstu einkunn í Íslensku ánægjuvuginni. Ánægt starfsfólk er lykillinn að þeim árangri. Heilsustefna sem byggir á samgöngusamningi við starfsfólkið á þátt í góðri niðurstöðu.

- ÁTVR rekur 49 Vínbúðir út um allt land. Höfuðstöðvar eru í jaðri borgarinnar á Stuðlahálsi 2 og þar er Dreifingarmiðstöð. Því má segja að fyrirtækið sé með þrjú svæði, Stuðlaháls, starfsfólk í Vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu og starfsfólk í Vínbúðum á landsbyggðinni.
- Starfsfólk er hvatt til heilsueflingar og á árinu var það gert með margvíslegum hætti. Boðið var upp á líkamsræktarstyrki og samgöngusamninga fyrir þá sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti.


Til að hvetja fólk til að nýta sér samgöngusamninga til heilsueflingar er lögð áhersla á að setja upp sturtuáðstöðu í Vínbúðunum fyrir starfsfólk þar sem því verður við komið.

- Á síðasta sumri nýttu 145 starfsmenn sér samgöngusamning ÁTVR og var betri þátttaka á landsbyggðinni.
- Hvatt er til samaksturs og þegar landshlutfundir eru haldnir á landsbyggðinni þá sameinast verslunarstjórar um bíla. T.d. hefur starfsfólk á Snæfellsnesi safnast í einn bíl frá Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi. Það sama hefur gerst innan borgarinnar.
- Stjórnendur fyrirtækisins eru góðar fyrirmyndir fyrir starfsmenn. En án stuðnings stjórnenda þá eru ýmis stjórnkerfi, s.s. gæðakerfi, umhverfisstjórnun og samfélagsleg ábyrgð dæmt til að mistakast. Samgöngusamningar eru hluti af heilsustefnu fyrirtækisins.
- Fyrirtækið er ekki fullkomið en vinnur að stöðugum úrbótum og reynir að bæta hjóla- og samgöngumenningu fyrirtækisins í þessum tilgangi að gera hana sjálfbærari. Næsta áskorun starfsfólksins er að taka þátt í WOW- cyclothon.


### Hvernig eru ferðavenjur starfsfólks kannaðar og hvenær hófust slíkar mælingar?

Þrjú síðustu ár hafa ferðavenjur verið kannaðar á haustin meðal starfsmanna. Framkvæmt samgöngukönnun til að þróa samgöngusamninga og samgöngustefnu okkar. Notast hefur verið við SurveyMonkey.com og öllum starfsmönnum boðið að taka þátt. Hér eru niðurstöður dregnar saman. Samakstur ekki með í súluritinu.

- Starfsfólk ÁTVR nota 34% einkabíl á sumrin til að mæta í vinnu en 44% á veturnar.



Á myndinni sést breyting á því hvernig notkun einkabíls minnkaði þegar samgöngusamningar voru innleiddir. Fer úr rúmum 60% niður í 44%.



Munur á samgönguleiðum starfsmanna ÁTVR og höfuðborgarþé í sumar 2014. Hér sést að 75% höfuðborgarþé nota bíl á sumrin en 33% starfsmanna ÁTVR. Það minnkar álag á götur borgarinnar og sparar dýrmætan gjaldeyri. <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/nr/8106>

- Losun koltvísýrings, CO<sub>2</sub>, hefur minnkað í kjölfarið. Árið 2012 var hann 140 tonn, árið 2013 108 tonn og 2014 99 tonn. Helstu ástæður minnkunar CO<sub>2</sub>, aukning í samgöngusamningum og CO<sub>2</sub> losun bíla starfsmanna úr 193 í 178 g/km. Ekki veitir af meðan jörðin hitnar og höfin súrna.
- Skoðanakönnun var framkvæmd um samgöngusamninginn. Aðferðum gæða- og umhverfisstjórnunar var beitt (PDCA-ferillinn), stöðugar umbætur. Í ljós kom að 63% starfsfólks var mjög ánægt eða ánægt með samgöngusamninginn. Greiðslur til starfsfólks vegna samgöngusamnings var hækkaður úr kr. 5.000 árið 2012 upp í kr. 7.000 á mánuði og allt almanaksárið undir.
- Meðalvegalengd starfsmanns til og frá vinnu er 12,6 km.
- Haldið er kolefnisbókhald um allan útblástur á 11 bílum fyrirtækisins og flugi starfsmanna erlendis og innanlands. Á síðasta ári var það 131 tonn af CO<sub>2</sub> og allt kolefnisjafnað hjá Kolviði.




### Hvernig hafa ferðavenjur starfsfólks breyst í gegnum tíðina?

- Ferðavenjur hafa breyst að því marki að fleiri nota vistvænan ferðamáta og meiri agi er hjá starfsfólki en hann kemur í kjölfar samgöngusamnings. Eins og áður hefur komið fram fór notkun einkabíla á vetur úr rúmum 60% niður í 44%.
- Starfsfólk á landsbyggðni nýtir sér samgöngusamninginn meira, 2/3 hluti starfsmanna ganga til vinnu enda strætisvagar víðast hvar ekki í boði enda vegalengdir styttri en í fjölbýlinu.
- Við höfum hvatt starfsfólk okkar til að nýta sér samakstur
- Þegar leigubíll er pantaður, þá er beðið um metan bíl eða sambærilegan. Vistvænn leigubíll.

### Er reglubundið verið að mæla heilsu og/eða fjarvistir starfsmanna? Ef svo er vinsamlegast lýsið nánar.


- Heilsufarsmælingar hafa verið framkvæmdar í febrúar 2011, 2012, 2013, 2014 og 2015. Sýna tölur fyrir 2014 og 2015 að heilsufar starfsmanna er að þokast í rétta átt. Háþrýstingur, kólesteról (blóðfita) og BMI lagast á milli ára og fituprósentan svipuð. Einnig er blóðsykur mældur. Það hefur náðst góður árangur í mælingum í fjarvistum starfsfólks frá vinnu. Við mælingu á fjarvistum starfsfólks kom í ljós 2.2% fjarvistir 2014 (markmið 2,5%). Ef miðað er við meðalfjarvistir er fjárhagslegur ávinningur lágmark 40 milljónir.
- Hér er samanburður á BMI stuðli starfsmanna ÁTVR milli ára og landsmeðaltöl.



Heimild: Greinargerð ÁTVR 2015 frá Heilsuvernd

Hér má sjá skiptingu líkamsþyngdarstuðuls meðal starfsmanna ÁTVR. Árið 2015 reyndust um 1% starfsmanna vera undir kjörþyngd, 49% voru í kjörþyngd, 35% í ofþyngd og 15% of feitir. Niðurstöðurnar eru betri en árið 2014 og betri en niðurstöður bæði frá Landlækni og heildarúrtaki Heilsuverndar.

- Blóðþrýstingur og kólestról hefur lagast frá því að heilsufarsmælingar hófust og mest var breyting í byrjun en rúm 60% lækkun á háþrýstingi milli ára. Sjá frétt á ruv.is frá 20. jan 2014: [Samgöngustyrkir leiða til sparnaðar](http://www.ruv.is/frett/samgongustyrkir-leida-til-sparnadar) <http://www.ruv.is/frett/samgongustyrkir-leida-til-sparnadar>



Þegar mælingar hefjast árið 2011 verður strax jákvæð breyting í kjölfarið, sérstaklega á of háum blóðþrýsting. Síðan slaknar aðeins á en jákvæðar tölur sjást á síðasta ári. Of hár blóðþrýstingur er á pari við viðmiðunarhópa í dag en var mun hærrí áður en heilsustefnan var innleidd. Sama gildir um kólestról. Í ár eru 12% starfsfólks yfir viðmiðunarmörkum. Það er betra en hjá viðmiðunarahópnum sem er 22%. Ekki eru til tölur hjá Landlækni um meðalblóðfitugildi hjá Íslendingum.

75% starfsfólks er með eðlilegan blóðþrýsting en 71% viðmiðunarahóps og í kólestróli er betri árangur en 69% starfsfólks er með eðlilegan en 46% viðmiðunarahóps.

#### Blóðþrýstingur og kólestról (sjá graf hér að ofan)

- Breyting úr 26% í 10% þýðir að starfsmannafjöldi með of háan blóðþrýsting fer úr 90 í 35 manns
- Forvarnir -> 55 starfsmenn komust af „hættusvæði“ of hás blóðþrýstings
- Afpöntuð 55 pláss í heilbrigðiskerfinu
- Mjög miklir peningar sparast



55 manns, 5 knattspyrnulið.

- Sjá í viðauka „Stóru myndina“ en þar eru allar mælingar settar í stórt samhengi. (Stóra myndin – Sjálfbærni, hreyfing og heilsa.pdf). Í Ársskýrslu 2014 er mælikvarði G4-LA5 á bls. 85 sem sýnir yfirlit yfir heilsufarsmælingar.  
[http://www.vinbudin.is/portaldatal/1/resources/Matur\\_og\\_vin/baeklingar/Arsskyrsla\\_2014.pdf](http://www.vinbudin.is/portaldatal/1/resources/Matur_og_vin/baeklingar/Arsskyrsla_2014.pdf)
- Heilsufarsmælingar eru einn lykilþátturinn í heilsustefnu fyrirtækisins. Samgöngustyrkir eru eitt af atriðum til að bæta heilsu starfsmanna. Koma fólkinu á hreyfingu.
- Starfsfólk ÁTVR hefur tekið þátt í Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna síðastliðin ár
- Niðurstaðan úr því að koma fólkinu á hreyfingu er að **forvarnir** virka. Arðsemi fjárfestingarinnar í forvörnum (ROI) er nálægt 1:8 þegar öll aðfangakeðjan er skoðuð.

## G4-LA6

TÍÐNI MEIÐSLA, STARFSTENGDRÁ  
SJÚKDÓMA, FJARVERUDAGA OG  
DAUÐSFÖLL TENGD STARFI EFTIR  
STARFSSTÖÐVUM

Á árinu voru skráð tíu slys sem er mikil aukning frá árinu áður en þá voru slysin þrjú. Niðurstaðan veldur vonbrigðum þar sem náðst hafði góður árangur árin á undan.

Starfsfólk hefur í auknu mæli notað reiðhjól sem samgöngutæki til að komast til og frá vinnu. Á árinu voru þrjú slysanna reiðhjólaslys, tvö hálkuslys og fimm slys urðu á vinnustað og dreifðust á starfsstöðvar víða um land.

Slys	Karlar	Konur	Alls
2012	1	2	3
2013	2	1	3
2014	4	6	10

### Fjarvistir vegna veikinda og veikinda barna í hlutfalli við unnar klukkustundir

	Konur	Karlar	Heild 2014	Heild 2013	Heild 2012
Vínubúðir	2,2%	2,5%	2,3%	2,3%	2,6%
Dreifingarmiðstöð	5,6%	2,7%	3,2%	2,6%	2,9%
Skrifstofa	1,9%	1,3%	1,6%	1,8%	2,0%
ÁTVR í heild	2,2%	2,3%	2,2%	2,2%	2,6%

Úr ársskýrslu ÁTVR 2014

### Er boðið uppá sveigjanlegan vinnutíma eða eitthvert fyrirkomulag til að starfsmenn geti ferðast til og frá vinnu utan annatíma?

- Í Vínubúðum og Dreifingarmiðstöð er fastur vinnutími og því erfitt að vera sveigjanlegur. Hins vegar opna flestar stóru búðanna kl. 11 þannig að þær eru utan háannatíma. Á skrifstofu er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma. Fólk skilar sínum átta tímum og getur byrjað þegar því hentar.

### Lýsið þeim farskjótum sem eru í boði fyrir starfsfólk á vinnutíma t.d. hvort hjól eða bílar séu tiltæk fyrir starfsfólk til vinnutengdra og / eða persónulegra ferða?

- Höfuðstöðvar ÁTVR eru í jaðri borgarinnar og liggja illa að strætisvangasamgöngum. Langt er niður í miðbæ rúmlega 7 km. Boðið er upp á strætómiða á skrifstofu vilji starfsfólk nota þann ferðamáta. Einnig er hægt að panta díselbíla fyrirtækisins en reglur um Ríkisbifreiðar gilda um notkun þeirra. Starfsmenn sem eiga hjól nota þau ef það hentar erindinu. Vistvænir leigubílar eru pantaðir ef þörf er á þeirri þjónustu og ef bílaleigubíll er leigður þá er keypt þjónusta hjá ISO14001 vottaða bílaleigu.

### Lýsið þeirri aðstöðu sem er til staðar til að geyma reiðhjól.

- Hjólhúsið okkar er nefnt lðavellir. Það var vígt sumarið 2013. Það heyrir undir lögmál blágrænnar umhverfisstefnu. Ekki hitað upp og með náttúrulega sjálfvirka loftræstingu. Hreinlætisaðstaða með sturtum fyrir hjólandi, hlaupandi og gangandi starfsmenn var opnuð 2012. Þurrkskápar á Stuðlahálsi fyrir gangandi og hjólandi starfsmenn var settur upp á síðasta vætusumri.



*Iðavellir.*

**Er aðstaða fyrir starfsfólk til að fara í sturtu og/eða til að skipta um föt í boði fyrir þá sem mæta til vinnu hjólandi eða gangandi?**

- Við veitum góða snyrtiaðstöðu fyrir gangandi og hjólandi starfsfólk. Aðstaðan var bætt frá haustinu 2012 og fleiri sturtum bætt við á Stuðlahálsi. Allar Vínbúðir sem eru endurnýjaðar fá sturtuáðstöðu fyrir starfsfólk og í þarfagreiningu fyrir nýjar Vínbúðir er krafa um góða snyrtiaðstöðu.



*Mynd sem sýnir sturtu- og skiptiaðstöðu fyrir gangandi og hjólafólk á Stuðlahálsi en þar eru um 100 manns. Sturtarnar eru fjórar fyrir hvort kyn. Einnig eru læstir skápar og þurrskápur.*

**Er hægt að nálgast strætómiða á vinnustað?**

- Boðið eru upp á strætómiða á Stuðlahálsi fyrir þá sem velja þann ferðamáta. Strætómiðar ekki seldir á vinnustað. ÁTVR gerði samning við Strætó bs. um svokölluð samgöngukort en það eru árskort í strætó sem fást á verði 9 mánaða korts. Listi yfir samstarfsfyrirtæki Strætó er hér: <http://www.straeto.is/kaupa-farmida-og-kort/samgongukort/>
- **Hvernig er bílastæðamálum fyrirtækisins hagað til að hafa hvetjandi áhrif á virkan samgönguhátt starfsmanna?**
- Næg bílastæði fyrir starfsmenn og oft höfum við leyft öðrum fyrirtækjum að leggja í stæðin hjá ÁTVR. Ókeypis.

**Erú innstungur fyrir rafbíla og/ eða –hjól til staðar við vinnustaðinn?**

- Í Iðavöllum, hjólaskýlinu er aðstaða til að hlaða hjól. Ekki er rafmagnsstaur til staðar fyrir rafbílur en hægt er að tengjast rafmagni með því að nota langa rafmagnssnúru.

## Veitir fyrirtækið starfsfólki samgöngustyrk eða annan fjárhagslegan hvata til að nýta vistvænar samgöngur í ferðir til/frá vinnu? Ef svo er, hvernig er þeim hvatagreiðslum háttað?

- ÁTVR hóf þann 1. apríl 2012 að gera samgöngusamning við starfsfólk. Var verkefnið til sex mánaða og árangur metinn í lokin. Framkvæmd var skoðanakönnun og var almenn ánægja með framtakið. Samgöngusamningar eru liður í heilsuefingu fyrirtækisins.
- ÁTVR hefur litið á samgöngusamninga sem heilsuefingu en fækkun bíla á götum borgarinnar, minni mengun, minna svífryk og minna viðhald mannvirkja er einnig markmið og stuðlar að sjálfbærni. Samgöngusamningur er hjólið sem knýr umbæturnar.
- Aukning á fjölda samgöngusamninga hækkaði milli ára. Þessi hækking merkir að um 30 starfsmenn hafa breytt um lífsstíl. Vonandi verður það til að heilbrigði starfsfólks aukist og minna álag verði á heilbrigðiskerfið og meiri starfsánægja. Hluti af Samfélagslegri ábyrgð fyrirtækisins.
- Mörg fyrirtæki, opinberir aðila og félagasamtök hafa haft samband við ÁTVR um framkvæmd samgöngusamninga og höfum við miðlað af reynslu okkar til þeirra. En greinilegt er að mikil vakning er meðal fyrirtækja um að móta umhverfis- og samgöngustefnu.

## Úr samgöngusamning ÁTVR

1. gr. Með vistvænum samgöngum er átt við allan ferðamáta annan en að ferðast til og frá vinnu í einkabílum, svo sem að ganga, hjóla eða ferðast með strætisvögnum.
2. gr. Það starfsfólk sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti að jafnaði í 60% tilvika (þrjú daga í viku), á rétt samgöngustuðningi frá ÁTVR frá undirritun samningsins. Um er að ræða samningstímabilið 1. apríl 2014 – 30. september 2014.

Fastráðinn starfsmaður sem gerir samning fær greiddar 7.000 kr. á mánuði  
Starfsmaður í tímavinnu fær greiddar 4.000 kr. á mánuði  
Ekki þarf að greiða skatt af þessum styrk

- Endurnýja þarf samning eftir hvert tímabil
- Samningurinn byggir á gegnsæi og trausti.
- Gildir samgöngusamningar er gerðir við 145 starfsmenn en stöðugildi eru 282 á síðasta ári. En um 350 manns eru á launaská í dag. Þetta eru því 46% starfsmanna sem taka þátt í áttakinu í sumar. ÁTVR hvetur starfsfólk til að nota vistvænan, hagkvæman og heilsusamlegan ferðamáta þegar farið er til og frá vinnu.

## Er fræðsla og/eða þjálfun í boði fyrir starfsfólk sem tengist virkum samgöngumátum, s.s. hjólafærni? Er sú fræðsla ókeypis og í boði á vinnutíma?

- Fræðslufundur um heilsuvernd, hreyfingu, markmiðssetningu og samgöngur voru reglulega á dagskrá síðasta vetur í sambandi við heilsuáætlun í febrúar. Fræðslan er ókeypis og í boði á vinnutíma. Á vorin koma viðgerðamenn frá einkafyrirtæki og fara yfir hjólin og veita ráðgjöf.
- ÁTVR er eitt af 6 fyrirtækjum sem tók þátt í Hjólafærni og styrkti samtökin með fjárframlagi til verkefnisins Hjólabætur Ísland og gaf vinnu við að koma hjólabætandi verkefnum á koppinn. Markmiðið að bæta hjólræðinguna. #hjolamal



- Á Youtube er þegar komin ein afurð, Deilum veginum <https://www.youtube.com/watch?v=38LssfGleyl&feature=youtu.be&list=PLqLbWgah0joMda9hAJsFD7m3d9dhotU7k>
- Samhjól er nýjung og hafa 10-15 starfsmenn hjólað um götur borgarinnar á fimmtudagsmorgnum undir leiðsögn. Markmiðið er að auka hreyfingu, þrek, samkennd og sýna nýjar hjólaleiðir í borgarlandinu. Samhjól verður fram á haustið og hefst aftur í vor. Veljum, blöndum og njótum.
- Hjólaviðgerðarnámskeið var í boði í ágúst hjá Erninum
- Í ráðningarferli er umsækjanda greint frá umhverfisstefnu ÁTVR og áherslum um aðra samgöngumöguleika aðra en fólksbíl.

#### **Annað sem þið viljið taka fram:**

- Kolefnisjöfnun hefur verið reiknuð í Grænu bókhaldi og vitum við hvað greiða þarf til að kolefnisjafna og hversu mörg tré þarf að gróðursetja. Við útreikninga á kolefnisjöfnun er haldið um eigin bíla stofnunar, eigin flutningabíla og flutningabíla í útboði, akstur starfsmanna, og flugferðir innanlanda og erlendis. (Sjá G4-EN15, G4-EN16 og G4-EN30 í viðauka – Slysaskráning og gróðurhúsalofttegundir.pdf).
- Græn skref í ríkisrekstri voru innleidd í vor og öll fimm skrefin komin fyrir höfuðstöðvarnar og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Innleiðing er í gangi fyrir allar 50 Vínbúðirnar út um land allt.
- Grænt bókhald með Fjármálaráðuneytinu, Umhverfisráðuneytinu, Umhverfisstofnun, Ríkiskaup Samband íslenskra sveitarfélaga, Hafnarfjarðarbæ og Reykjavíkurborg.
- Vistvæn innkaup (vinn.is)
- Grænt skorkort fyrir starfsemi ÁTVR og mun það halda um markmiðssetningu á grænum mælikvörðum. (Sjá Grænt bókhald í viðauka – Slysaskráning og gróðurhúsalofttegundir.pdf).
- Við höfum greint notkun á jarðefnaeldsneyti vegna aksturs og flugs á okkar vegum og sett okkur markmið um að draga úr henni.
- Við höfum hvatt birgja okkar og viðskiptavini okkar til að taka upp vistvænni samgöngumáta og samþætt inn í virðiskeðju. Umhverfisstefna ÁTVR er öllum sýnileg.
- Við höfum hvatt aðra til að taka upp vistvænni samgöngumáta. Við höfum sent frá okkur samgöngusamninga og miðlað af reynslu okkar.
- Við höfum skrifað undir Global Compact samninginn hjá Sameinuðu þjóðunum. Samningurinn byggir á því að leitast við að bjóða eingöngu vörur sem framleiddar eru í sátt við samfélagið.
- ÁTVR hefur á þessu ári unnið að því að fylgja ISO 2600 staðlinum um samfélagslega ábyrgð. Ársreikningur fyrir 2013 var gerður eftir leiðbeiningum GRI og fylgja Global Compact samningnum. Umhverfismál og samgöngur eru stór hluti af kröfum þessara staðla og samninga.
- ÁTVR hefur aðstoðað um 40 fyrirtæki, opinber og einkafyrirtæk og námsmenn við að innleiða samgöngustefnu og sagt frá reynslu sinni á nokkrum opnum fyrirlestrum.

## **Umhverfisstefna ÁTVR**

ÁTVR vinnur samkvæmt umhverfisstefnu sem samþykkt var 1. janúar 2012. (Sjá Umhverfisstefna.pdf)

Hornsteinn umhverfisstefnunnar er:


- berum við virðingu fyrir umhverfinu, förum vel með verðmæti og notum auðlindir af ábyrgð
- viljum við að í daglegum rekstri okkar sé tekið tillit til umhverfisins og unnið að stöðugum úrbótum

## Vörudreifing

- Við leggjum áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna flutninga ÁTVR með því að vinna að lausnum með dreifingaaðilum og bæta eigið skipulag við dreifingu.
- Flutningar á vörum hafa verið endurskoðaðir með tilliti til þessa. Ferðum fækkað og innkaupa- og pantanaferlar endurskoðaðir. Tíðni ferða hefur fækkað.
- Í útboðum á flutningum á landsbyggðina var krafa um að flutningsaðili þarf að uppfylla skilyrði um útblástur samkvæmt EURO 4 staðli.
- Strandsiglingar í skoðun

## Stefna ÁTVR

- Að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja landsins og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð



FYLGISKJÖL:

Afrit af gildandi stefnumörkun og þá sérstaklega samgöngustefnu og/eða umhverfisstefnu.  
Valkvætt: kynningar-/fræðsluefni varðandi virka samgöngumáta.

Tengill í umhverfisstefnu: [http://www.vinbudin.is/desktopdefault.aspx/tabid-149/1356\\_read-1285/](http://www.vinbudin.is/desktopdefault.aspx/tabid-149/1356_read-1285/)

Meðfylgjandi eru viðhengi á .pdf formi.

## Umhverfisstefna (jpg skjal)

### Stóra myndin – Sjálfbærni, hreyfing og heilsa

### Drög að Gull- eða Platínium vottun hjá Hjólabætum Ísland



Grænu skrefin 5 tekin í einu grænu stökki. Enda búið að vinna að samfélagslegri ábyrgð frá 2001.